

Hverfisnefnd Naustahverfis,

35. fundur 17. október 2011.

Mættir: Anna Sjöfn, Bjarni , Gísli og Ómar.

1. Nefndin skiptir með sér verkum.

Nefndin skipti með sér verkum og var samhljómur meðal nefndarmanna um að Bjarni verði formaður, Ásdís varaformaður og Gísli ritari. Gísli mun einnig sitja sem fulltrúi nefndarinnar í skólaráði Naustaskóla.

2. Fastir fundartímar.

Ákveðið var að fastir fundir nefndarinnar yrðu fyrsta miðvikudag hvers mánaðar kl. 20.00 á Naustatjörn.

3. Fundur Stjórnsýslunefndar.

Bjarni skýrði frá fundi Stjórnsýslunefndar sem fyrrverandi og núverandi formaður nefndarinnar mættu á. Þau lögðu m.a. fram kvörtun vegna Framkvæmdadeildar Akureyrar sem ekki hefur sinnt erindum og fyrirspurnum hverfisnefndarinnar.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið.

Fundargerð ritaði Anna Sjöfn.